

**Nd.**

**774. Nefndarálit**

**[155. mál]**

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 75 27. apríl 1962, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum, sbr. lög um breyting á þeim lögum, nr. 31 25. apríl 1964.

Frá 1. minni hl. landbúnaðarnefndar.

Meiri hluti landbúnaðarnefndar vill vísa frv. til ríkisstjórnarinnar og vitnar til væntanlegrar heildarendurskoðunar á viðkomandi lögum.

Undirritaður minni hluti nefndarinnar sér enga ástæðu til þeirrar afgreiðslu, enda er málið mjög einfalt.

Lán til íbúðabygginga verkamanna eru nú 455 þús. kr. og hækka væntanlega innan skamms vegna hækkandi vísitölu. Lán til íbúðarhúsa í sveitum hafa nýlega verið hækkuð í 300 þús. kr. Við þá ákvörðun var höfð hliðsjón af því, að styrkur til þeirra, er þrengstan fjárhag hafa, hækkaði einnig, en hann hefur verið óbreyttur síðan 1964.

Engin ástæða er til að ætla, að hér sé um stór útgjöld að ræða á næstunni, því að fáir munu treystast til að hefja byggingarframkvæmdir nú um sinn, og enginn gerir slíkt að gamni sínu.

Við leggjum því til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 16. maí 1969.

Vilhjálmur Hjálmarsson,      Stefán Valgeirsson.  
frsm.